

# LEIÐBEININGAR UM GERÐ TILVÍSANA

## INNIHALD

INNGANGUR.....	1
1. AFGREIÐSLA MÁLA HJÁ SKÓLAÞJÓNUSTU.....	2
2. ÁSTÆÐUR TILVÍSANA.....	3
2.1. GRUNUR UM ÞROSKAFRÁVIK/ALMENNIR NÁMSERFIÐLEIKAR.....	3
2.2. MÁL, TAL OG RÖDD.....	4
2.3. LESTUR OG RITUN.....	5
2.4. STÆRÐFRÆÐI.....	5
2.5. SVEIGJANLEG SKÓLASKIL.....	6
2.6. HEGÐUN OG LÍÐAN.....	6

## INNGANGUR

Leiðbeiningar þessar eru ætlaðar grunnskólakennurum/leikskólakennurum (hér eftir kennurum) sem vísa málum til Skóla- og félagsþjónustu Grindavíkur (hér eftir skólaþjónustu). Markmiðið er að gera tilvísanir til skrifstofunnar markvissari og skýrari.

Um sérfræðiþjónustu við leikskóla er fjallað í 21. og 22. grein laga nr. [90/2008](#) um leikskóla. Í 22. gr. laganna segir m.a.: "Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðiþjónustu skv. 21. gr. í samráði við foreldra". Nánar er fjallað um þjónustuna í reglugerð nr. [584/2010](#) um starfsemi leikskóla.

Í þriðju málsgrein 40. greinar laga númer [91/2008](#) um grunnskóla segir m.a. "Foreldrar nemenda geta óskað eftir greiningu [...] auk þess sem skólastjóri, kennarar eða starfsmenn heilsugæslu geta lagt fram ósk um greiningu í samráði við og með samþykki þeirra. Skólaþjónusta sér um að greining fari fram, skilar tillögu til skólastjóra um hvernig við skuli bregðast, fylgist með úrbótum og metur árangur". Ákvörðun skólaþjónustu um að hafna beiðni um greiningu er kæránleg sbr. síðustu málsgrein sömu greinar en þar segir: "Sé foreldri synjað um beiðni um greiningu skv. 3. mgr. verður sú ákvörðun kærð samkvæmt fyrirmælum 47. gr. Ráðuneytið getur í úrskurði mælt fyrir um að tilteknum nemanda skuli veitt greining í samræmi við ákvæði þessarar greinar."

Áður en máli er vísað til skólaþjónustu þarf skólinn að ganga úr skugga um að hann hafi reynt að leysa málið með þeim úrræðum sem hann hefur yfir að ráða.

# 1. AFGREIÐSLA MÁLA HJÁ SKÓLAÞJÓNUSTU

Tilvísanir berast að jafnaði frá nemendaverndarráði grunnskóla eða frá sérkennslustjórum leikskóla. Þær eru teknar fyrir á reglulegum fundum skólaþjónustunnar og verkefnum útteilt eftir eðli þeirra. Vinnsla er hafin á fundi með umsjónarkennara/deildarsjóra og foreldri eða með viðtölum við foreldra og/eða nemanda. Á fundi eða í viðtölum er nánari upplýsinga leitað, veitt ráðgjöf og sett niður áætlun um aðgerðir.

EF ítarlegrar greiningar er þörf er ferlið skipulagt og matslistar afhentir. Að lokinni greiningu sálfræðings/sérkennsluráðgjafa er haldinn skilafundur með foreldrum, umsjónarkennara og deildarstjóra/sérkennslustjóra þar sem kynntar eru niðurstöður og tillögur að úrræðum. Á skilafundi fá aðilar afhentar skilagrein með niðurstöðum. Greiningaraðili gerir áætlun um eftirfylgd í samráði við skóla og heimili út frá eðli málsins og fylgir henni eftir með tölvupósti eða á þjónustuteymisfundi.

Að lokinni greiningu talmeinafræðings er niðurstaða sett saman í skilagrein sem skóli og foreldrar fá afrit af á skilafundi. Eftir eðli vanda er mismunandi þjónusta í boði. Í sumum tilvikum er nemanda vísað í þjálfun á stofu hjá sjálfstætt starfandi talmeinafræðingi. Talmeinafræðingur leiðbeinir um ferlið. Í öðrum tilvikum á nemandi rétt á talmeinaþjónustu í nokkur skipti eftir þörfum innan skólans. Talmeinafræðingur veitir ráðgjöf, eftirfylgd og er í sumum tilvikum í þjónustuteymi barns. Ef nemandi á rétt á talmeinaþjónustu innan skólans er gerð krafa um að foreldrar mæti með nemanda í fyrsta skipti sem hann kemur í þjálfun og foreldrar sinna æfingum heima undir leiðsögn talmeinafræðings. Talmeinafræðingur fylgir eftir tillögum með tölvupósti til viðeigandi aðila.

Skilafundi sitja foreldrar, umsjónarkennari/deildarstjóri, yfirmaður sérkennslumála skólans eða deildarstjóri stigs.

Um meðferð og varðveislu gagna fer skv. lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.

## 2. ÁSTÆÐUR TILVÍSANA

Ástæður tilvísana geta verið margbreytilegar. Hér kemur lýsing á helstu ástæðum þegar einstaka nemendum er vísað til skólaþjónustu.

### 2.1.GRUNUR UM ÞROSKAFRÁVIK/ALMENNIR NÁMSERFIÐLEIKAR

Þegar nemandi vîkur marktækt í þroska frá því sem eðlilegt getur talist miðað við jafnaldra hans vaknar grunur um þroskafrávik. Telja má frávik marktæk ef barnið er meira en einu ári á eftir jafnöldrum. Erfiðleikar barns sem komið er á grunnskólaaldur birtast sem slök geta í fleiri en einni námsgrein. Beiðni um að ráðgjöf vegna gruns um þroskafrávik er hægt að rökstyðja með frávikum í máltjáningu eða málskilningi, gróf- eða fínhreyfiþroska, frávik í rök hugsun, minni, ályktunarhæfni, skilningi á orsakasamböndum og tímaröð atburða, skilningi á tilgangi ýmissa fyrribæra þjóðfélagsins, siðgæðisþroska og félagsþroska. Slík rök koma til umræðu á fyrsta fundi um tilvísun s.s. í nemendaverndarráði eða samráði við sérkennslustjóra leikskóla.

Áður en óskað er aðkomu sálfræðings vegna gruns um þroskafrávik þarf skólinn að hafa gert samanburð á getu eða þroska barnsins með þeim mælitækjum sem hann hefur yfir að ráða. Í því sambandi má nota Smábarnalistann fyrir börn á aldrinum 18-38 mánaða sem metur gróf- og fínhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun og tal, Íslenska þroskalistann sem metur gróf- og fínhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun, tal og nám fyrir 3ja - 6 ára börn, AAL- listann, sem er athugunarlisti fyrir atferli leikskólabarna, TRAS sem er skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna, Orðaskil, mállþroskapróf sem metur orðaforða og setningagerð og er ætlað börnum frá 18 mánaða til 36 mánaða, Hljóm-2, skimunartæki til athugunar á hljóð- og málvitund leikskólabarna, Teikniverkefni Tove Krogh ætlað 6 ára börnum, hópathugunum í lestri og stærðfræði og mati á hreyfiþroska, árangur á samræmdum prófum, skólaprófum, lesferli, stöðu í námsmati eða öðrum verkefnum. Beiðninni þurfa að fylgja upplýsingar um hvort/hvaða sérfræðingar hafi metið þroska nemandans.

Fylgigögn með beiðni um aðkomu vegna gruns um þroskafrávik eru:

- ✓ 1½ til 5 ára börn:
  - Smábarnalistinn eða Íslenski þroskalistinn
  - Greinargerð kennara um stöðu nemanda.
- ✓ 6 til 18 ára:
  - Ítarleg lýsing á námslegri stöðu
  - Niðurstaða hópathugana, sæmræmdra prófa
  - Greinargerð kennara um stöðu nemanda og þau úrræði sem reynd hafa verið.

Þegar beiðni berst skólaþjónustu fá kennarar og forsjáraðilar sendan tengil til að svara ASEBA skimunarlista um hegðun og líðan barns. Svör skulu berast áður en vinnsla málsins hefst.

Ef ástæða þykir til er kallað eftir upptöku af barni í skólstarfinu.

## 2.2. MÁL, TAL OG RÖDD

### Málþroski:

Þegar nemandi vîkur marktækt í málþroska frá því sem eðlilegt getur talist miðað við jafnaldra hans vaknar grunur um málþroskafrávik. Telja má frávik marktæk ef barnið er meira en einu ári á eftir jafnöldrum.

Áður en skólaþjónustu er send beiðni um aðkomu vegna gruns um frávik í máli, tali eða rödd þarf skólinn að hafa gert samanburð á getu eða þroska nemanda með þeim mælitækjum sem hann hefur yfir að ráða og varða erfiðleika barnsins. Í því sambandi má nota Smábarnalistann fyrir börn á aldrinum 18-38 mánaða sem metur m.a. hlustun og tal, Íslenska þroskalistann sem metur m.a. hlustun, tal og nám fyrir 3ja - 6 ára börn, TRAS sem er skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna, Orðaskil, málþroskapróf sem metur orðaforða og setningagerð og er ætlað börnum frá 18 mánaða til 36 mánaða, EFI-2 sem er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári, Hljóm-2, skimunartæki til athugunar á hljóð- og málvitund leikskólabarna og lesskimanir. Beiðninni þurfa að fylgja upplýsingar um hvort/hvaða sérfræðingar hafi metið þroska nemandans og afrit af þeim gögnum.

Fylgigögn með beiðni vegna gruns um frávik í málþroska. Látið fylgja með þær niðurstöður sem til eru:

- ✓ 1½ til 5 ára börn:
  - Smábarnalistinn
  - Íslenski þroskalistinn
  - TRAS skráningarlisti
  - Orðaskil málþroskapróf
  - EFI-2 málþroskaskimun
  - HLJÓM-2
- ✓ 6-18 ára:
  - LOGOS lesskimun
  - Lesferill
  - Staða í lesskilningi
  - Greinargerð umsjónarkennara

### Framburður, stam og rödd:

Ef áhyggjur vakna vegna framburðar, stams eða raddvanda skal fylla út beiðni til skólaþjónustu. Látið fylgja með þær niðurstöður sem til eru:

- ✓ 1½ til 5 ára börn:
  - Smábarnalistinn
  - Íslenski þroskalistinn
  - TRAS skráningarlisti
  - Orðaskil málþroskapróf

- EFI-2 málþroskaskimun
- HLJÓM-2
- ✓ 6-18 ára:
  - Lesferill
  - LOGOS lesskimun

### 2.3. LESTUR OG RITUN

Gert er ráð fyrir að í allri lestrarkennslu sé farið eftir aldursmiðuðum markmiðum lestrarstefnu grunnskólans. Áður en beðið er um greiningu á lestrar- og ritunarferfiðleikum þarf að athuga eftirfarandi:

- Að nemandinn sé marktækt slakari en bekkjarfélagarnir í lestri og ritun.
- Að stöðug lestrarþjálfun hafi verið í gangi bæði heima og í skólanum.
- Upplýsingar frá forráðamönnum um heilsufar, máltöku og þroskasögu hafi verið aflað.
- Gengið hafi verið úr skugga um að lestrarerfiðleikarnir stafi ekki af skertri heyrn eða sjón.
- Niðurstöður úr HLJÓM-2 sem lagt er fyrir á síðasta ári í leikskóla.
- Unnið hafi verið úr niðurstöðum lestrarskimana.
- Niðurstöður hreyfiþroskaprófs frá íþróttakennara hafi verið athugaðar.
- Álit foreldra/forráðamanna á stöðu nemandans í lestri og ritun liggi fyrir.
- Framfarir hafi verið hægar eða stöðnun í lestrar- og/eða ritunarferlinu.
- Athugaðar hafi verið niðurstöður samræmdra prófa, bæði á einstaklings- og bekkjarvísu.

Fylgigögn með beiðni um þjónustu vegna lestrarerfiðleika eru bakgrunnsupplýsingar – gátlisti.

### 2.4. STÆRÐFRÆÐI

Áður en beðið er um greiningu á stærðfræðierfiðleikum þarf að athuga eftirfarandi:

- Að nemandinn sé marktækt slakari en bekkjarfélagarnir í stærðfræði.
- Athugaðar hafi verið niðurstöður einstakra þátta samræmdra prófa, bæði á einstaklings- og bekkjarvísu.
- Unnið hafi verið úr niðurstöðum stærðfræðiskimana.
- Álit foreldra/forráðamanna á stöðu nemandans í stærðfræði liggi fyrir.

Fylgigögn með beiðni um þjónustu vegna stærðfræðierfiðleika eru niðurstöður skimana og samræmdra prófa.

## 2.5. SVEIGJANLEG SKÓLASKIL

Í grunnskólalögum segir í 15. gr: Skólaskylda barns hefst að jafnaði við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára. Foreldrar barns geta sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrr eða síðar. Skólastjóri getur veitt slíka heimild að fenginni umsögn sérfræðipjónustu.

Þegar skólaþjónustan er beðin um álit vegna sveigjanlegra skólaskila eru eftirfarandi þættir m.a. skoðaðir:

Flýting:

- Kunnátta og þroski þarf að vera eins og best gerist hjá ári eldri börnum. Leiða þarf líkum að því að barnið tilheyri námslega efsta þriðjungu ári eldri barna.
- Greind þarf helst að ná 130 stigum.
- Líkamsþroski og heilsufar þarf að vera gott.
- Barnið þarf að vera fært um að aðlagast auðveldlega nýjum aðstæðum og vera vel fært um að standa á rétti sínum gagnvart öðrum börnum.

Seinkun:

Sambærileg atriði (vitsmunastarf, hreyfi-, félags- og málþroski) eru metin þegar hugmynd kemur fram um að lengja leikskóladvöl barns.

Fylgigögn með beiðni um mat vegna sveigjanlegra skólaskila eru:

- ✓ 1 ½ til 5 ára börn:
  - Greinargerð leikskólakennara
  - Greinargerð foreldra
- ✓ 6 til 18 ára:
  - Greinargerð umsjónarkennara
  - Greinargerð foreldra

Þegar beiðni berst skólaþjónustu fá kennarar og forsjáraðilar sendan tengil til að svara ASEBA lista um hegðun og líðan barns. Svör skulu berast áður en vinnsla málsins hefst.

## 2.6. HEGÐUN OG LÍÐAN

Ef nemandi sýnir hegðunarfrávik eða grunur er um slæma líðan þess er tilefni til að kanna hvaða ástæður liggja að baki. Hér sem endranær er mikilvægt að efna til samstarfs við forráðamenn barnsins til að vinna bug á vandanum. Brýnt er að skólinn beiti þeim úrræðum sem hann hefur yfir að ráða þegar vandans verður vart. Ef úrræði skólans og foreldra bera ekki tilætlaðan árangur er ástæða til að óska eftir atbeina skólaþjónustu til að greina vandann.

Fylgigögn með beiðni um aðkomu vegna hegðunarfrávika eða vanlíðan eru:

- ✓ 1½ til 5 ára börn:
  - Atferlisskráning
  - Greinagerð um stöðu barnsins frá leikskóla
  - Upptaka úr leikskólastarfi
- ✓ 6-18 ára:
  - Atferlisskráning - atvikalýsing
  - Greinargerð um stöðu nemanda frá grunnskóla

Þegar beiðni berst skólaþjónustu fá kennarar og forsjáraðilar sendan tengil til að svara ASEBA lista um hegðun og líðan barns. Svör skulu berast áður en vinnsla málsins hefst.

Endurskoðað í ágúst 2020